

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 114/96
frá 27. nóvember 1998

um breytingu á bókun 4 við EES-samninginn
um upprunareglur

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 4 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/96 frá 22. nóvember 1996⁽¹⁾.

Bókun 4, eins og henni var breytt til að láta kerfi uppsöfnunar taka til landa í Mið- og Austur-Evrópu, hefur að geyma ákvæði, um bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum, sem hægt er að túlka á mismunandi vegu.

Því ber að breyta bókun 4 til að tryggja góða framkvæmd samningsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi texti komi í stað 1. mgr. 14. gr. bókunar 4:

„1. Efni sem ekki eru upprunaefni og notuð eru við framleiðslu á vörum, sem eru upprunavörur á EES í skilningi þessarar bókunar, eða í einu af þeim löndum sem um getur í 3. gr., og gefin hefur verið eða útbúin sönnun á uppruna í samræmi við ákvæði V. bóls, skulu ekki njóta hjá neinum samningsaðila endurgreiðslu á eða undanþágu frá neins konar tollum.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 21, 23.1.1997, bls. 12 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 3, 23.1.1997, bls. 1.

2. gr

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. nóvember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1998.

N.v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner